

21. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 7.11. 2023, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Mættur undir 1. Lið Ingvar Rafn Stefánsson verkefnastjóri hjá endurskoðunarfyrirtæki sveitarfélagsins.

Dagskrá:

1. Fyrri umræða, fjárhagsáætlunar 2024 og þriggja ára áætlun
2. Átta mánaða uppgjör rekstrar sveitarfélagsins
3. Rekstur Hengifoss-svæðis 2024
4. Fyrri umræða um hvort hefja eigi sameiningarviðræður sbr. 4.gr. sveitarstjórnarlaga
5. Samningur um deiliskipulag byggðakjarna í Hamborg
6. Samkomulag um skipan svæðisskipulagsnefndar
7. Vegamál
8. Minjasafn Austurlands
9. Slökkvilið Múlaþings, samningur
10. Nýjar samþykktir Ársala og fjárhagsáætlun 2024
11. Ársreikningar HAUST 2022
12. Ársreikningar Almannavarnanefndar 2022
13. Fundargerðir:
 - a. Byggingar-og skipulagsnefndar 4.11.2023
 - b. 9. Verkfundur Hengifosshúss 4.10.2023
 - c. 10. Verkfundur Hengifosshúss 27.10.2023
 - d. Almannavarnarnefndar 25.10.2023
 - e. Heilbrigðisnefndar 5.10.2023
 - f. Stjórnar Ársala 12.10.2023
 - g. Sambands íslenskra sveitarfélaga 16.10.2023
 - h. Sambands íslenskra sveitarfélaga 27.10.2023
 - i. Stjórn SSA 28.8.2023
 - j. Stjórn SSA 20.10.2023
14. Erindi Fljótsdalsgrundar ehf. um Végarð, tjaldsvæði og kyndingu
15. Erindi frá eftirlitsnefnd sveitarfélaga um ársreikning

16. Fjárbeiðnir frá UÍA og Afslins
17. Skýrsla sveitarstjóra
18. Önnur mál

1. Fyrri umræða, fjárhagsáætlunar 2024 og þriggja ára áætlun.

Ingvar fór yfir og útskýrði forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2025-2027. Að loknum umræðum var lögð fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn samþykkir til síðari umræðu framlagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2024, ásamt þriggja ára áætlun 2025 – 2027. Jafnframt var samþykkt að sveitarstjórnarmenn skili inn ábendingum til sveitarstjóra er varða breytingar á fjárhagsáætluninni fyrir lok dags 14.11.2023. Vinnufundur verður miðvikudaginn 15. nóvember kl. 09.00 og annar vinnufundur fimmtudaginn 23. nóvember kl. 09:00. Haldinn verður kynningarfundur mánudaginn 27. nóvember kl. 17:00 fyrir íbúa um fjárhagsáætlun fyrir 2024 og 3 ára áætlun (2025- 2027), sveitarstjóra falið að auglýsa fundinn.

2. Átta mánaða uppgjör rekstrar sveitarfélagsins

Kynnt, Ingvar fór yfir uppgjórið og vék af fundi kl: 14:45.

3. Rekstur Hengifoss-svæðis 2024

Fyrstu drög að rekstraráætlun og verkefni fyrir Hengifoss-svæðið kynnt.

4. Fyrri umræða um hvort hefja eigi sameiningarviðræður sbr. 4.gr. sveitarstjórnarlaga

Álit um stöðu sveitarfélagsins sbr. b. lið 2. mgr. 4. gr. a. laga nr. 138/2011 og umsögn innviðaráðuneytisins sbr. 4. mgr. 4. gr. a. sömu laga voru birtar á vef Fljótsdalshrepps þann 13. október 2023 til kynningar fyrir íbúa sveitarfélagsins, jafnframt sem tilgreind gögn voru send á öll heimili í sveitarfélaginu. Fyrri umræða í samræmi við 2. ml. 4. mgr. 4. gr. a. sveitarstjórnarlaga fór fram og var málinu vísað til síðari umræðu.

5. Samningur um deiliskipulag byggðakjarna í Hamborg

Jóhann vék af fundi. Lagður fram undirritaður samningur við LOGG og hann samþykktur. Jóhann kom aftur til fundar.

6. Samkomulag um skipan svæðisskipulagsnefndar

Samkomulagið samþykkt. Fulltrúar Fljótsdalshrepps í svæðisskipulagsnefnd eru Jóhann F. Þórhallsson og Lárus Heiðarsson til vara.

7. Vegamál

Oddvita, sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins falið að óska eftir fundi með vegamálastjóra vegna skuldar vegagerðarinnar við sveitarfélagið.

Vegagerðin vinnur markvisst að endurbótum á vegakerfinu. Verið er að hanna Múlavegin frá Glúmsstöðum 2 og að Egilsstöðum. Þá eru í gangi umtalsverðar vegaframkvæmdir norðan í Norðurdal. Sett hefur verið malarslitlag á kafla við Brattagerði, pípuhliðið við brúnna yfir Nesin lagað og unnið er að gerð tveggja heimreiða. Hefla á vegin inn í Sturluflöt. Sveitarstjórn fagnar þessu góða og nauðsynlega átaki Vegagerðarinnar í dalnum.

8. Minjasafn Austurlands

Kynnt.

9. Slökkvilið Múlapings, samningur

Drög að samningi kynnt. Sveitarstjóra, Kjartani Benediktssyni og lögfræðingi sveitarfélagsins falið að undirbúa samning.

10. Nýjar samþykktir Ársala og fjárhagsáætlun 2024

Undirritaðar samþykktir Ársala kynntar og staðfestar.

11. Ársreikningar HAUST 2022

Kynnt.

12. Ársreikningar Almannaþingarnefndar 2022

Kynnt.

13. Fundargerðir:

a. Byggingar-og skipulagsnefndar 4.11.2023

Liður 1. Samþykkt breyting á deiliskipulagi milli Skriðuklausturs og Valþjófsstaðar.

Liður 2. Samþykkt afmörkun lóðar undir skemmubyggingu í landi Brekkugerðishúsa.

Einnig er samþykkt afmörkun tveggja lóða í landi Hamborgar önnur fyrir landeiganda og hin fyrir byggðarkjarnann. Liður 3. Samþykkt framkvæmdarleyfi vegna inntaksstíflu og lagningu aðveitulagnar á Sturluflöt. Liður 4. Byggingar og skipulagsnefnd falið að kalla eftir hugmyndum frá íbúum sveitarfélagsins að nafni á iðnaðarhverfið og götuheiti.

b. 9. Verkfundur Hengifosshúss 4.10.2023

Kynnt

c. 10. Verkfundur Hengifosshúss 27.10.2023

Kynnt

d. Almannaþingarnefndar 25.10.2023

Kynnt

e. Heilbrigðisnefndar 5.10.2023

Kynnt

f. Stjórnar Ársala 12.10.2023

g. Kynnt

h. Sambands íslenskra sveitarfélaga 16.10.2023

Kynnt

i. Sambands íslenskra sveitarfélaga 27.10.2023

Kynnt

j. Stjórn SSA 28.8.2023

Kynnt

k. Stjórn SSA 20.10.2023

Kynnt

14. Erindi Fljótsdalsgrundar ehf. um Végarð, tjaldsvæði og kyndingu

Kjartan kynnti erindið og vék af fundi. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við væntanlega eigendur Fljótsdalsgrundar um þá nýtingu og fyrirkomulag sem þau hafa í huga varðandi Végarð. Samningur um kyndingu verður frestað fram á næsta ár. Samningur um leigu á tjaldstæði og nýtingu salerna í Végarði verður skoðaður. Kjartan kom aftur til fundar.

15. Erindi frá eftirlitsnefnd sveitarfélaga um ársreikning

Kynnt

16. Fjárbeiðnir frá UÍA og Aflsins

Samþykkt að veita styrk til UÍA kr. 200 á hvern íbúa. Beiðni Aflsins er hafnað.

17. Skýrsla sveitarstjóra

Sagt frá helstu verkefnum sem eru í gangi. Auk þess að gengið hafi verið frá torfi í Hálskofa, nauðsynlegar endurbætur á stígum að Hengifoss hafi farið nokkuð úr áætlun og eignauúttekt þurfi að gera á Gistihúsinu þegar leigjendur skili af sér um áramótin.

18. Önnur mál

Sagt frá bændaferð norður í land sem skipulögð var af Dagrúnu Drótt Valgarðsdóttur og Brynjari Darra Kjerúlf. Ferðin var vel sótt af Fljótsdælingum og tókst með eindæmum vel.

Fljótsdælingar buðu Vopnfirðingum með til ferðar. Þeim Dagrúnu og Darra eru færðar þakkir fyrir skipulagningu og framtakssemi. Sveitungar eru hvattir til að skipuleggja aðra ferð á næsta ári.

Ákveðið að fá Brynjar Darra Kjerúlf til að sjá um heimasíðu sveitarfélagsins.

Fundartími sveitarstjórnarfunda var ræddur og hugmynd að byrja fyrr á daginn. Sveitarstjóra falið að kanna möguleika á því.

Óskað er eftir að keyptar verði fleiri framlengingarsnúrir fyrir Végarð.

Anna Jóna lagði til að garnaveikisbólusetning verði greidd að fullu einsog í nágretta sveitarfélagi okkar Múlaþingi. Sveitarstjóra falið að kanna málið fyrir næsta fund.

Fundi slitið 18:45

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti